

4. BEKKUR 2013  
ÍSLENSKA

Settu límmiðann  
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Húsið mitt stendur við tjörn. Og við tjörnina býr líka gæs sem ég kalla Gabba – sem er stytting á Gabríel eins og erkiengillinn heitir. Það er komið haust og laufblöðin eru farin að roðna og falla af trjámum. Ég sit við eldhúsgluggann minn og horfi á Gabba sem vappar um í gulnuðu grasinu við tjörnina. Hann goggar í grasið og fær sér gott í gogginn. Við erum reyndar bæði að borða. Ég borða kremkex frá Kexverksmiðjunni Frón en Gabbi borðar fræ og pöddur úr ríki móður náttúru.

Fyrir Gabba er túnið hér fyrir utan eins og salatbar. Á sumrin leynist þar allskyns hnossgæti fyrir gæsir. Gabbi hefur tínt upp úr því fæði í allt sumar. Hann vill nefnilega fita sig – ekki af því að hann dreymir um að verða að safaríkri jólagæsasteik í brúnni sósu – heldur af því að gæsir eins og hann fljúga mörg hundruð kílómetra á haustin. Þá þurfa þær að geta blakað vængjunum stanslaust í margar vikur og á meðan geta þær ekkert étið, nema kannski eina og eina flugu. Á haustin hópa allar feitu gæsirnar sig svo saman, áður en þær hefja langt sameiginlegt oddaflug til hlýrri landa.

Nú kemur önnur gæs að. Hún gefur sig á tal við Gabba sem er hættur að éta. Við skulum kalla hana Sigfús. Fyrst sýnist mér Sigfús vera með stæla. Er hann að ybba gogg? Nei, þegar betur er að gáð virðist Sigfús vera áhyggjufullur. Af hverju ætli það sé? Ég kyngi kremkexinu og beini allri athygli minni að gæsunum. Sigfús hefur þá verið að ná í Gabba. Þeir ætla að hitta

### 1. Þegar sagan hefst er

- <sub>1</sub> komið sumar.
- <sub>2</sub> stutt í veturinn.
- <sub>3</sub> stutt í vorið.

### 2. Hvers vegna er túnið eins og salatbar?

- <sub>1</sub> Grænmeti er hent þangað.
- <sub>2</sub> Veitingahús er nálægt.
- <sub>3</sub> Þar er mikið úrval.

### 3. Orðið „stanslaust“ merkir

- <sub>1</sub> hreyfingarlaust.
- <sub>2</sub> vafalaust.
- <sub>3</sub> viðstöðulaust.

### 4. Hvað gera gæsir á haustin?

- <sub>1</sub> Þær byrja að fita sig.
- <sub>2</sub> Þær hittast á stóru fjalli.
- <sub>3</sub> Þær mynda stóra hópa.

hinar gæsirnar áður en þær fljúga á haf út saman. En viti menn! Gabbi hoppar um á sterklegum fótunum og blakar stórum vængjunum ákaft en tekst ekki á loft. Ég sé að annar vængurinn er laskaður. Gabba er illt í honum. Sigfús flýgur hins vegar af stað. Hann hringsólar yfir hausamótunum á Gabba og gargar eitthvað á gæsamáli, sem ég ímynda mér að hafi verið: „Vertu sæll og gangi þér vel.“ Sigfús flýgur í burtu og Gabbi stendur einn eftir væng- og niðurbrotinn í blautu grasinu. Greyið Gabbi. Ég er miður mín en man svo eftir að hafa lesið í dagblaðinu að gæsir eins og Gabbi séu sumar farnar að búa allan veturinn á Íslandi án þess að verða meint af. Ég veit að það mun ekkert slæmt henda Gabba þótt hann verði áfram á Íslandi. Ég veit það af því að ég verð líka hérna við tjörnina í vetur. Ég ætla að fylgjast með Gabba og gefa honum af kremkexinu mínu. Og kartöflur og músli og allskonar afganga. Við Gabbi ætlum að halda áfram að borða saman hérna við tjörnina í allan vetur – og langt fram á næsta vor.

(Bryndís Björgvinsdóttir, 2013)

**5. „Annar vængurinn er laskaður“  
merkir að hann er**

- <sub>1</sub> lamaður.
- <sub>2</sub> meiddur.
- <sub>3</sub> snúinn.

**6. Hvers vegna fer Gabbi ekki með Sigfúsi?**

- <sub>1</sub> Hann getur það ekki.
- <sub>2</sub> Hann vill vera við tjörnina.
- <sub>3</sub> Hann ætlar að fara seinna.

**7. Þegar Sigfús er farinn er Gabbi**

- <sub>1</sub> einmana.
- <sub>2</sub> glaður.
- <sub>3</sub> leiður.

**8. Hvað ætlar sögumaður að gera næsta vetur?**

- <sub>1</sub> Hann ætlar að búa Gabba gott skjól í garðinum.
- <sub>2</sub> Hann ætlar að fylgjast vel með fuglalífinu.
- <sub>3</sub> Hann ætlar að hjálpa Gabba að lifa af veturinn.

**9. Í hvaða röð gerast þessir atburðir í sögunni?**

- A Gabbi blakar vængjunum.
- B Gabbi goggar í grasið.
- C Gabbi hittir Sigfús.

- <sub>1</sub> ABC
- <sub>2</sub> BCA
- <sub>3</sub> CBA

**10. Um hvað er sagan?**

- <sub>1</sub> gæs í erfiðleikum
- <sub>2</sub> heimili við tjörn
- <sub>3</sub> oddaflug gæsa



## Samheiti

Finndu **samheiti** undirstrikuðu orðanna. Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu (dæmi: faðir - pabbi).

11. Helgi er frækinn ípróttamaður.

Samheiti orðsins frækinn er

- <sub>1</sub> heilbrigður.
- <sub>2</sub> heimsfrægur.
- <sub>3</sub> hraustur.
- <sub>4</sub> hreykinn.

13. Það er ekki gott að vera sjálfsekskur.

Samheiti orðsins sjálfsekskur er

- <sub>1</sub> afbrýðisamur.
- <sub>2</sub> eigingjarn.
- <sub>3</sub> frekur.
- <sub>4</sub> gramur.

12. Magnús er kunnur fyrir störf sín.

Samheiti orðsins kunnur er

- <sub>1</sub> ánægður.
- <sub>2</sub> vinsæll.
- <sub>3</sub> þakklátur.
- <sub>4</sub> þekktur.

14. Hér er voðinn vís.

Samheiti orðsins voði er

- <sub>1</sub> hætta.
- <sub>2</sub> óheppni.
- <sub>3</sub> skemmtun.
- <sub>4</sub> spennna.



⊥

## Samsett orð

Lestu spurningarnar vel og krossaðu við rétt svar.

15. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin sandur og fjara?

- <sub>1</sub> sandafjara
- <sub>2</sub> sandfjara
- <sub>3</sub> sandisfjara
- <sub>4</sub> sandsfjara

17. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin frændi og fólk?

- <sub>1</sub> frændafólk
- <sub>2</sub> frændarfólk
- <sub>3</sub> frændfólk
- <sub>4</sub> frændsfólk

16. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin rósir og vöndur?

- <sub>1</sub> rósarvöndur
- <sub>2</sub> rósavöndur
- <sub>3</sub> rósuvöndur
- <sub>4</sub> rósvöndur


18. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin vél og bilun?

- <sub>1</sub> vélabilun
- <sub>2</sub> vélarbilun
- <sub>3</sub> vélbilun
- <sub>4</sub> vélsbilun

## Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

*Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis frágang, stafsetningu og atburðarás (upphaf, meginmál og endi).*



⊥

⊥

⊥

Hér má  
hvorki skrifa  
né stimpla

Blank writing area with 20 horizontal lines.

autt

S/F

0	1	2
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

B/E

0	1	2
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

F/M

0	1	2
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

3	4
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Má

0	1	2
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

⊥

⊥

## Stafsetning

autt

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

A. Ég heiti \_\_\_\_\_ og er \_\_\_\_\_ ára.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

B. Ég bý á \_\_\_\_\_ með \_\_\_\_\_  
minni og mömmu.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

C. Í \_\_\_\_\_ förum við til \_\_\_\_\_.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

D. Þar verður \_\_\_\_\_ um \_\_\_\_\_.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

E. Gestir fá súpu hjá \_\_\_\_\_.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup>

F. \_\_\_\_\_ fer því \_\_\_\_\_ þaðan.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

G. Svo \_\_\_\_\_ við yfir \_\_\_\_\_.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>

H. Mamma \_\_\_\_\_ mér leiðina á korti.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup>

I. Mikið \_\_\_\_\_ ég til \_\_\_\_\_.

<sup>0</sup>  <sup>1</sup> /  <sup>0</sup>  <sup>1</sup>